

ÁRSSKÝRSLA 2009

VIÐ

HÖFUM

RÖDD

HEYRUMSTOIS



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

Búum börnum betri heim



**Barnaheill**  
Save the Children Iceland

**Barnaheill - Save the Children á Íslandi** eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Þau eiga aðild að Save the Children International en að þeim standa 29 landsfélög sem starfa í 120 löndum. Barnaheill - Save the Children voru stofnuð í Bretlandi árið 1919. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með þeim fyrstu til að benda á að það væri réttur barna að alast upp í öryggi og friði. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, með fræðslustarfi, innlendum og erlendum verkefnum og með neyðaraðstoð. Á Íslandi leggja Barnaheill – Save the Children áherslu á að standa vörð um réttindi barna, á baráttu gegn ofbeldi á börnum og að rödd barna heyrir betur. Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children í erlendum verkefnum eru á menntun, vernd barna gegn ofbeldi og neyðaraðstoð.

#### **Markmið:**

Markmið Barnaheilla - Save the Children er að gjörbylta viðhorfum til barna um allan heim og ná fram verulegum breytingum til batnaðar í lífi þeirra. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

#### **Framtíðarsýn:**

Barnaheill - Save the Children vinna að því að skapa betri heim fyrir börn og ungmenni. Heim, þar sem sérhvert barn nýtur réttar síns til lífs, verndar, þroska og þátttöku, í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



## Efnisyfirlit

Frá formanni og framkvæmdastjóra.....	3
<b>Innlent starf.....</b>	<b>4</b>
Almenn réttindabarátta.....	4
Baráttu gegn ofbeldi á börnum .....	7
Rödd barna .....	9
Fræðslu- og forvarnarstarf.....	10
Önnur verkefni .....	11
Innlent samstarf.....	12
Kynningarstarf.....	12
<b>Erlent starf .....</b>	<b>13</b>
Neyðaraðstoð.....	13
Bætum framtíð barna.....	13
Kambódía .....	14
Norður-Úganda .....	15
Erlent samstarf.....	16
<b>Tekjur og gjöld .....</b>	<b>18</b>
<b>Styrktaraðilar.....</b>	<b>19</b>
<b>Barnaheill 2009-2010.....</b>	<b>22</b>
<b>Þakkir.....</b>	<b>23</b>



Helgi Ágústsson  
formaður



Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri

## Frá formanni og framkvæmdastjóra

Barnaheill - Save the Children fögnuðu 90 ára afmæli árið 2009. Margt hefur áunnist í málefnum barna frá því Eglantyne Jebb og samstarfsfólk hennar stofnuðu Save the Children árið 1919. Eglantyne var frumkvöðull í réttindabaráttu barna og lagði mikla áherslu á að börn fengju sín eigin lög. Það tók hins vegar 70 ár, mikla vinnu og baráttu Barnaheilla - Save the Children og margra fleiri samtaka og stofnana, að gera Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að veruleika. Þessi merki sáttmáli, sem kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna, varð 20 ára á árinu.

Þó öll lönd heimsins, utan Bandaríkjanna og Sómalíu, hafi staðfest Barnasáttmálann og þar með skuldbundið sig til að fylgja honum, eru aðstæður barna víða um heim skelfilegar. Ennþá eru að minnsta kosti 72 milljónir barna án skólagöngu og um helmingur þeirra býr í löndum þar sem stríð ríkir eða hefur ríkt. Árlega deyja 8,8 milljónir barna áður en þau ná 5 ára aldri, eða 24 þúsund börn á dag, og flest þeirra deyja úr sjúkdómum sem eru vel læknanlegir. Tugir milljóna barna búa í örbergð og eru berskjölduð fyrir ofbeldi og misnotkun. Barnaheill - Save the Children vinna að því að bæta aðstæður barna í 120 löndum, með verkefnum og fræðslustarfi. Samtökin leggja jafnframt mikla áherslu á málsvarahlutverkið, þ.e. að þrýsta á stjórnvöld og alþjóðasamfélagið um að axla ábyrgð í samræmi við Barnasáttmálann. Barnaheill - Save the Children á Íslandi styðja m.a. starf samtakanna í Norður-Úganda og í Kambódíu.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi áttu 20 ára starfsafmæli á árinu. Þrátt fyrir erfitt árferði hér á landi gekk starfsemin vel og var í samræmi við áætlanir sem gerðar voru. Við erum afar þakklát fyrir stuðning hinna fjölmörgu velunnara sem hafa lagt málstað samtakanna lið með fjárframlögum, vinnuframlagi og samstarfi. Án ykkar væri starf samtakanna ekki mögulegt.

Megin áherslan í starfi Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu 2009 var á innlend verkefni. Almenn þekking á Barnasáttmálanum er mikilvægur liður í almennt réttindabaráttu barna. Því hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi, í samstarfi við fleiri aðila, unnið ötullega að því að gera Barnasáttmálann sem aðgengilegastan fyrir börn og fullorðna, með útgáfu bæklinga og veggspjalda og með kennsluvefnum *barnasattmali.is* sem opnaður var formlega á árinu. Samtökin komu einnig upp minnisvarðanum Rósinni í Laugar dalnum þar sem börn og fullorðnir geta komið saman til að minna á réttindi barna og minnast allra þeirra sem látist hafa á barnsaltri.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að rödd barna og unglinga verði sterkari í íslensku samfélagi og unnu samtökin að nokkrum verkefnum í samræmi við það. Ungmennaráð samtakanna var eflit, aukið var samstarf við grunnskóla og vefurinn *heyrumst.is* var opnaður. *Heyrumst.is* er gagnvirkur vefur þar sem allir undir 18 ára aldri geta tjáð skoðanir sínar, leitað upplýsinga og fengið ráðgjöf. Vefurinn er á íslensku, ensku og pólsku og er það von samtakanna að hann nýtist börnum og unglingum vel á komandi árum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi munu halda ótrauð áfram að vinna að málefnum barna hérlendis og erlendis. Börn eru ekki afgangsstærð og því er afar brýnt að standa vörð um og efla réttindi þeirra. Með aðstoð ykkar náum við enn lengra. Kærar þakkir fyrir stuðninginn,

Helgi Ágústsson  
formaður

Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra opnar námsvefinn barnasattmali.is með aðstoð Rakelar Óskar Sigurðardóttur, nemanda í Grandaskóla.



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi í byrjun ársins.

# Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt megin áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi. Hér á eftir fer yfirlit yfir innlenda starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á árinu 2009.

## Almenn réttindabarátta

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children í öllu þeirra starfi. Barnasáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember 1989 og fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Í byrjun árs 2009 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að lögfesta samninginn á Íslandi.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarra þátta. Öll lönd heimsins, fyrir utan Bandaríkin og Sómalíu, hafa staðfest sáttmálanum. Öllum þeim, sem koma að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja sáttmálanum.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði hans með viðeigandi hætti fyrir börnum

og fullorðnum. Kynning á Barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og almenn þekking á honum og réttindum barna þar af leiðandi takmörkuð. Því ákváðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Umboðsmaður barna og UNICEF að vinna sameiginlega að námsefni um Barnasáttmálanum í samvinnu við Námsgagnastofnun og var lokið við gerð veggspjalda og bæklinga til notkunar í skólum árið 2008. Á árinu 2009 var hafist handa við gerð námsvefjar um Barnasáttmálanum og var fyrsti hluti hans tilbúinn í nóvember 2009. Námsvefurinn [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is) er ætlaður til notkunar í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, en hentar einnig börnum og fullorðnum til almennrar notkunar. Stefnt er að því að ljúka gerð vefjarins á árinu 2010. Styrkur fékkst frá forsætisráðuneytinu til verkefnisins.

### 20 ára afmæli Barnasáttmálans

Vikan 15.- 20. nóvember 2009 var tileinkuð 20 ára afmæli Barnasáttmálans. Barnaheill – Save the Children á Íslandi voru í samstarfi við Umboðsmann barna og UNICEF með skipulagða dagskrá, helgaða mannréttindum barna. Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi ásamt ungmennaráði UNICEF og ráðgjafahópi Umboðsmanns barna unnu saman að ýmsum verkefnum til að vekja athygli á því sem betur má fara varðandi réttindi barna. Ungmennin bentu á mikilvægi þess að hafa börn með í ráðum í málefnum er þau varða og að hlustað sé á börn, en kveðið er á um slíkt í 12. og 13. grein Barnasáttmálans. Fulltrúar úr ungmennaráðunum dreifðu Barnasáttmálanum í verslunarmiðstöðvum, funduðu með allsherjarnefnd Alþingis, söfnuðu undirskriftum við ályktun um mikilvægi þess að standa vörð um réttindi barna og afhentu svo forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Afmælishátíð var haldin í Snælandsskóla í Kópavogi þann 20. nóvember með þátttöku starfsfólks og nemenda í 7. bekk Snælandsskóla. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra opnaði þar formlega fyrsta hluta vefjarins [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is) ásamt



Afmælishátíð Barnasáttmálans var haldin í Snælandsskóla í Kópavogi með þátttöku nemenda í 7. bekk og starfsfólks.

Rakel Ósk Sigurðardóttir, 7 ára nemandi í Grandaskóla. Um hundrað manns sóttu afmælishátíðina.

### Lagaumsagnir og ályktanir

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að þau réttindi, sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt á Íslandi. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp er lúta að málefnum barna. Jafnframt eru sendar út ályktanir ef samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum og ályktunum leitast Barnaheill – Save the Children á Íslandi við að hafa að leiðarljósi hagsmuni barna og það sem barninu er fyrir bestu.

Árið 2009 sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin frumvörp og þingsályktunartillögur:

- **Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum og barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum** (Bann við líkamlegum og andlegum refsingum).
- **Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál. Allsherjarnefnd Alþingis.**
- **Tillaga til þingsályktunar um stofnun Barnamenningarhúss, 24. mál.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur á Íslandi og voru fulltrúar samtakanna boðaðir á fund allsherjarnefndar Alþingis í byrjun árs 2009 til að fylgja eftir umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu sáttmálans. Þann 16. mars 2009 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að lögfesta Barnasáttmálann og stendur nú yfir vinna við frumvarp þar að lútandi. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi eru það mikil tímamót að Alþingi hefur samþykkt að vinna að lögfestingu Barnasáttmálans og telja samtökin að lögfesting auki verulega vægi sáttmálans í íslensku samfélagi.

Fulltrúar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru boðaðir til fundar í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis í nóvember til að ræða stöðu barna á Íslandi.

Árið 2009 sendu samtökin frá sér eftirfarandi ályktanir:

- **Ályktun til Dómsstólaráðs, alþingismanna, dómsmálaráðherra og fjölmiðla vegna dóms sem féll í Hæstarétti 22. janúar 2009 í máli karlmanns sem hafði ítrekað beitt tvo drengi, fjögurra og sex ára, líkamlegum refsingum. Karlmaðurinn var kærður fyrir líkamsárás og brot á barnaverndarlögum. Hann var sýknaður af báðum ákærum. Í ályktuninni hörmuðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi dóminn en þann 14. ágúst 2008 hafði maðurinn verið sýknaður af sömu ákærum í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Í kjölfar þess höfðu samtökin sent út ályktun til fyrrgreindra aðila.**

Þann 16. apríl 2009 varð að lögum frumvarp um að óheimilt og refsivert væri að beita börn líkamlegum og andlegum refsingum (frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum og barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum).

- **Ályktun til ríkisstjórnar Íslands og allra sveitarfélaga um mikilvægi þess að tryggja jafnræði allra barna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.** Í ályktuninni voru ríki og sveitarfélög hvött til þess að standa vörð um réttindi barna við gerð fjárlaga fyrir árið 2010 og skerða ekki þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra á sviði menntamála, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.
- **Ályktun og hvatning til stjórnvalda um að falla frá fyrirhugaðri skerðingu og styttingu á fæðingarorlofi.** Samtökin lýstu yfir áhyggjum sínum vegna frumvarps til laga um skerðingu á hámarksgreiðslum úr fæðingarorlofs-sjóði og frestun á töku orlofsins um þrjú ár. Barnaheill – Save the Children á Íslandi töldu að með boðaðri breytingu væri vegið að þeim rétti barnsins að fá að njóta sem lengst umönnunar móður og föður á fyrsta ári ævinnar.



Frá viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.



Rósin minnir m.a. á réttindi barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi sendu utanríkisráðuneytinu í nóvember 2009, í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, beiðni um stuðning við gerð valfrjálsrar bókunar hjá Mannréttindaráði SP um kærufærli vegna brota gegn ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin funduðu einnig með fulltrúa utanríkisráðuneytisins um málið. Í mars 2010 barst tilkynning frá utanríkisráðuneytinu um að ráðuneytið myndi styðja gerð slíkar valfrjálsrar bókunar á fundi Mannréttindaráðs SP í Genf. Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna afstöðu utanríkisráðuneytisins í þessu máli en að mati samtakanna er kærufærlið liður í því að styrkja réttindi barna um allan heim.

Í maí óskuðu fulltrúar samtakanna eftir fundi með leikskólasviði Reykjavíkurborgar eftir að upp kom mál þar sem starfsmaður á leikskóla var uppvís að því að beita barn líkamlegum refsingum. Á fundinum var m.a. rætt um starf leikskóla og verklagsreglur sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi.

### Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2009. Málín voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál og réttindamál ásamt almennum fyrirspurnum um mál er varða börn.

### Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Samtökin veita árlega viðurkenningu til einstaklinga eða stofnana fyrir sérstakt framlag þeirra í þágu barna og mannréttinda þeirra. Viðurkenningin er veitt á afmælisdegi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Á árinu 2009, féll viðurkenningin Ágústi Ólafi Ágústssyni í skaut fyrir baráttu hans fyrir lögfestingu Barnasáttmálans, en hann var ötull talsmaður þess á Alþingi. Ágúst Ólafur var þingmaður í 6 ár.

Hann flutti fyrst þingmál um lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2005. Eftir það flutti hann málið árlega og barðist fyrir samþykkt þess í sölum Alþingis og víðar.

Helgi Ágústsson, formaður stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Tómas Gauti Jóhannsson, nemi í Menntaskólanum í Hamrahlíð, afhentu viðurkenninguna sem Kolbrún Ingólfsdóttir, móðir Ágúst Ólafs tók við fyrir hönd sonar síns, en hann er við nám í Bandaríkjunum. Ragna Árnadóttir dómismálaráðherra flutti ávarp og Ari Kvaran og Gunnar Kolbeinsson frá Tónlistarskóla Seltjarnarness léku fyrir gesti.

### Rósin – minnismerki um börn

Barnaheill – Save the Children eru í samstarfi við samtökin *Roses for Children*, [www.rosesforchildren.com](http://www.rosesforchildren.com). Þau hafa komið upp minnisvörðum víða um heim til að minna á réttindi barna og til að heiðra minningu þeirra barna sem látist hafa af sjúkdómum, slysförum, illri meðferð eða í stríðsátökum víða um heim.

Þann 6. október 2009 var *Rósin* afhjúpuð við þvottalaugarnar í Laugardal í Reykjavík. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Ívar Eiðsson og Særún Erla Baldursdóttir, fulltrúar ungmennaráðs samtakanna, afhjúpuðu minnisvarðann. Kór Laugarnesskóla söng nokkur lög undir stjórn Huldu Guðrúnar Geirsdóttur. Sil og Mirjam van Oort frá samtökunum *Roses for Children* fluttu ávarp. Rúmlega 100 manns tóku þátt í athöfninni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi áttu samstarf við umhverfissvið Reykjavíkur, S. Helgason - Stein-smiðju og Járnsmiðju Óðins um uppsetningu Rósarinnar. Jón Stefán Kristjánsson þýddi ljód Herman van Veen. Allir aðilar gáfu vinnu sína.



Frá afhjúpun Róсарinnar í Laugardal.



Samstarfssamningur um örugga netnotkun undirritaður.

## Barátta gegn ofbeldi á börnum

Samkvæmt 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Samkvæmt 34. grein Barnasáttmálans eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Samkvæmt íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu og gegn líkamlegum refsingum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð og hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf og unnið að verkendum þar að lútandi.

### Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og allt lífshlaup þeirra. Á Netinu hefur orðið mikil aukning á efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á Netinu (*Stöðvum barnaklám á Netinu*). Verkefnið hefur verið styrkt af *Safer Internet* samstarfsáætlun Evrópusambandsins og er markmið þess að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á um að íslensk stjórnvöld axli ábyrgð í þessum málaflökki hérlandis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem var formlega opnuð 30. október 2001. Frá upphafi hafa bor-

ist rúmlega 4000 ábendingar og þar af eru 34% efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Á vef samtakanna, [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is), er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um efni á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru meðlimir í alþjóðasamtökunum *INHOPE*, [www.inhope.org](http://www.inhope.org), sem eru regnhlífásamtök ábendingalína. Barnaheill – Save the Children á Íslandi munu halda áfram með verkefnið á árinu 2010 í samstarfi við SAFT-verkefni Heimilis og skóla og Lýðheilsustöð.

Að ósk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi tók embætti Ríkislögreglustjóra yfir þann hluta af verkefniinu sem lýtur að greiningu ábendinga á árinu 2009. Samningur þar að lútandi var undirritaður í júní. Samtímis skrifuðu forsvarsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Heimilis og skóla og ríkislögreglustjóri undir samstarfssamning er varðar örugga netnotkun.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfa náið með Evrópusamtökum Barnaheilla - Save the Children í ýmsum málaflökum, m.a. að því að finna börn, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi og myndefni af þeim, sem dreift hefur verið á Netinu. Í gagnagrunni Interpol, sem verið hefur í notkun frá árinu 2001, er að finna eina milljón mynda sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum en samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa aðeins 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.

### Síun á ólöglegu efni á Netinu

Þó oft gangi vel að loka vefsíðum þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, getur reynst erfitt að fjarlægja þær algjörlega. Eigendur síðanna breyta gjarnan um hýsingarland og vefslóð og opna þær á ný. Stjórnvöld einstakra landa hafa ekkert um það að segja hvort síður, sem hýstar eru í öðru landi, er lokað. Það getur



Frá opnun heyrumst.is. Vefurinn er afmælisgjöf til ungmenna Íslands frá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi en samtökin fögnuðu 20 ára starfsafmæli á árinu.

Því reynst ómögulegt að fjarlægja vefsetur. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa síðastliðin ár beitt sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísu á efni á Netinu þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi, þ.e. að lokað verði á aðgang að slíku efni hérlandis. Samtökin hafa í því sambandi fundað með netþjónustuaðilum, Póst- og fjarskiptastofnun og embætti Ríkislög-reglustjóra. Í byrjun árs 2009 funduðu fulltrúar samtakanna með dómsmálaráðherra vegna hugsanlegrar laga-setningar um síun á ólöglegu efni.

Í júní beittu Barnaheill – Save the Children á Íslandi og fleiri aðilar sér fyrir því að íslenskri netsíðu, sem hafði að geyma kynferðisleg ummæli um ungar stúlkur og óviðeigandi myndir, yrði lokað. Gekk það eftir.

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka árlega þátt í 16 daga átaki félagasamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember. Yfirskrift átakans árið 2009 var: *Leggðu þitt af mörkum – farðu fram á aðgerðir: Saman getum við bundið enda á ofbeldi gegn konum!* Átakinu var ýtt úr vör í nítjándá sinn þann 25. nóvember með ljósagöngu til að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og hvetja til aðgerða.

### Fræðsluvefur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um vernd barna gegn ofbeldi

Samtökin eru með fræðsluvef, [www.barnaheill.is/vernd-umborn](http://www.barnaheill.is/vernd-umborn), þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er m.a. að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og hvert sé hægt að leita ef grunur vaknar um slíkt. Jafnframt eru þar upplýsingar um einelti.

### Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga, sem fyrr segir, aðild að Evrópusamtökum Barnaheilla - Save the

Children. Evrópusamtökin vinna að vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda og barna sem eru fórnarlömb mansals.

Evrópusamtök Barnaheilla – Save the Children hafa m.a. beitt sér fyrir því að sett verði í lög í aðildarríkjum ESB og EES að bannað sé að beita börn líkamlegum refsingum.

Evrópusamtök Barnaheilla – Save the Children beita sér einnig fyrir því að sett séu sérstök viðmið um börn sem verða fórnarlömb mansals og að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES svæðinu. Á hverju ári eru hundruð barna í Evrópu fórnarlömb mansals, ýmist á milli landa eða innan landa. Barnaheill – Save the Children leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu, þegar upp kemst um mansal, og að staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann á meðan að málefni þeirra eru til athugunar og barn skal aldrei senda til heimalands nema tryggar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu.

Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem vann að aðgerðaáætlun gegn mansali, óskaði í byrjun árs 2008 eftir álit Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og hafa samtökin miðlað upplýsingum um vinnu og áherslur Evrópusamtaka Barnaheilla – Save the Children á þessu sviði. Í mars 2009 var kynnt aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali. Tekið var tillit til áherslna samtakanna í aðgerðaáætluninni.



Ungmennaráð samtakanna er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára.

## Rödd barna

Samkvæmt 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Vefur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, *heyrumst.is*, starf ungmennaráðs og samstarf við skóla er liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

### *Heyrumst.is*

Þann 30. október 2009 opnuðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi vefinn *www.heyrumst.is*. Vefurinn er afmælisgjöf til ungmenna Íslands, en árið 2009 fögnuðu samtökin 20 ára starfsafmæli á Íslandi. *Heyrumst.is* er gagnvirkur vefur þar sem börn og unglingar undir 18 ára aldri geta leitað upplýsinga, ráðgjafar og stuðnings. Sérþjálfar sjálfboðaliðar sjá um ráðgjöfina, undir handleiðslu starfsmanna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Fyrirspurnir á vefnum eru skráðar og unnið úr upplýsingum þannig að heildstæð mynd fái af því sem hvílir á börnum og unglungum. Vefurinn er á íslensku, ensku og pólsku svo að ná megi til sem flestra ungmenna á Íslandi.

Opnun *Heyrumst.is* fór fram í Austurbæjarskóla og opnaði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra vefinn. Nemendur í 10. bekk Austurbæjarskóla kynntu verkefni sem þeir höfðu unnið í tengslum við 12. og 13. grein Barnasáttmálans, um réttinn til að tjá sig, láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif. Verkefni þeirra er að finna á *www.heyrumst.is*.

Vefurinn *heyrumst.is* og kynning á honum var unnin í samstarfi við ungmennaráð samtakanna, nemendur af erlendum uppruna í Austurbæjarskóla og Laugalækjarskóla, Athygli og Hvíta húsið. Styrkir fengust frá dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Erla Guðrún Sigurðardóttir, Helena N. Wolimbwa og Sólveig Sigurðardóttir unnu upplýsingar í gagngrunn sem sjálfboðaliðar *heyrumst.is* geta leitað í. Oddfríður Helgadóttir þýddi vefinn á ensku og Monika Katarzyna Waleszczynska þýddi vefinn á pólsku.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi héldu þriggja kvöld námskeið fyrir sjálfboðaliða *heyrumst.is* í október. Markmið námskeiðsins var að efla færni þeirra til að svara erindum frá börnum og unglungum en sjálfboðaliðarnir hafa allir reynslu eða menntun í starfi með börnum. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru, auk starfsmanna samtakanna, Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur, Þorbjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í Barnahúsi, Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunar, Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi og Alma Árnadóttir félagsráðgjafi. Barnaheill – Save the Children á Íslandi gerðu á árinu samkomulag við menntavísindasvið, félagsráðgjafadeild og félagsvísindasvið Háskóla Íslands um að nemar, er þess óska, geti fengið sjálfboðastarf hjá samtökunum metið til eininga.

Frá opnun *heyrumst.is* hafa borist fjölmargar fyrirspurnir. Meirihluti fyrirspurna tengist vinamálum en einnig fjölskylduáðstæðum, heilsu og líðan og samskiptum kynjanna.

### Ungmennaráð samtakanna

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára sem vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja máls á hlutum er varða réttindi og stöðu barna í heiminum. Ungmennaráðið vinnur að þeim málefnum sem meðlimir þess ákveða hverju sinni en er samtökunum jafnframt til ráðgjafar í málum sem unnið er að. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eru hluti af.



Fulltrúar ungmennaráðs sóttu ráðstefnu í Noregi í ágúst.



Fulltrúar ungmennaráðs á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði á Akureyri í mars.

Um 20 ungmenni komu að starfi ungmennaráðs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á einn eða annan hátt á árinu 2009. Fulltrúar ungmennaráðs sóttu ráðstefnuna *Ungt fólk og lýðræði* á Akureyri í mars og ráðstefnu í Noregi í ágúst á vegum PRESS, ungmennaráðs Barnaheilla - Save the Children í Noregi. Á ráðstefnunni í Noregi komu saman ungmenni frá Noregi, Svíðþjóð, Finnlandi, Rúmeníu, Kóreu og Íslandi. Meðal annars var fjallað var um réttindi barna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, viðskiptahætti í heiminum í dag og áhrif þeirra á börn, málefni flóttamanna, hernað og áhrif auglýsinga á börn og unglinga.

#### Samstarf við grunnskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi áttu á árinu 2009 samstarf við Snælandsskóla, Austurbæjarskóla og Laugarnesskóla.

Samstarf við Snælandsskóla hófst árið 2008. Nemendur skólans, undir leiðsögn kennara sinna, hafa unnið nokkur verkefni í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi og kynnt þau á málþingum á vegum samtakanna. Verkefnin hafa verið um menntun barna í stríðshráðum löndum, um vernd barna gegn ofbeldi og um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sem fyrr segir, héldu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, ásamt UNICEF og Umboðsmanni barna, upp á 20 ára afmæli Barnasáttmálans í samstarfi við Snælandsskóla. Nemendur, ásamt kennurum og öðru starfsfólki skólans, komu að undirbúningi og framkvæmd afmælishátíðarinnar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hófu samstarf við Austurbæjarskóla á árinu 2009. Austurbæjarskóli er fjölmenningslegur skóli, þar sem nemendur eru frá a.m.k. 30 löndum. Samstarfið við skólann er samtökunum mikilvægt þar sem áhersla er á málefni barna af erlendum uppruna og að rödd allra barna fái að heyrast í íslensku samfélagi. Sem fyrr segir, voru Barna-

heill – Save the Children á Íslandi í samstarfi við Austurbæjarskóla við mótun og opnun á [www.heyr-umst.is](http://www.heyr-umst.is).

Samstarf við Laugarnesskóla hófst á árinu og tengist minnisvarða samtakanna í Laugardal, Rósinni. Kór Laugarnesskóla tók þátt í athöfn þar sem minnismerkið var afhjúpað og nemendur í 4. bekk skólans hafa tekið Rósina í fóstur.

#### Samstarf við framhaldsskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa undanfarin ár verið í samstarfi við Menntaskólann á Akureyri og Menntaskólann við Sund. Samstarfið er annars vegar fylgið í fræðslu til nemenda um hin ýmsu málefni sem samtökin vinna að, s.s. vernd barna gegn ofbeldi og menntun barna í stríðshráðum löndum, og hins vegar í fjáröflun nemenda til verkefna samtakanna. Á árinu 2009 söfnuðu nemendur Menntaskólans við Sund rúmum 400.000 kr. til menntaverkefna samtakanna í Kambódíu.

## Fræðslu- og forvarnarstarf

#### SAMAN-hópurinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að SAMAN-hópnum - [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is). Hópurinn er samstarfsvettvangur félagsamtaka og stofnana sem láta sig varða velferð barna. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki þeirra. SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna þeirra. Lögð er áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir hvorki kaupni né veiti börnum áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslausar skemmtanir, útihátíðir og



Höngum saman var sumarátak SAMAN-hópsins.



Sólrún Sveinsdóttir afhenti samtökunum íbúð systur sinnar að gjöf.



Útgáfa á vegum samtakanna.

neysla áfengis og annarra vímuefna setja börn þeirra í. Sumarátak SAMAN-hópsins bar yfirskriftina *Höngum saman í sumar*. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin. Að verja tíma saman skilar árangri og rannsóknir hafa einnig sýnt að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Það sama hefur komið fram í máli foreldra sem tekið hafa þátt í könnunum. Gular, brosandí og bjartar sólir með jákvæðum áletrunum voru hengdar upp um land allt til að minna á mikilvægi samverunnar.

#### Náum áttum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka þátt í starfi *Náum áttum* hópsins - [www.naumattum.is](http://www.naumattum.is). Um er að ræða samstarfshóp aðila sem vinna að málefnum barna og stendur hópurinn reglulega fyrir fræðslufundum. Meðal fræðslufunda á árinu 2009, var fundur um sjálfmynd og kynhegðun unglunga, fundur um fíkniefni og nokkrir fundir þar sem fjallað var um stöðu barna og unglunga á tímum kreppu.

#### Netsvar

Netsvar - [www.netsvar.is](http://www.netsvar.is) er samvinnuverkefni SAFT-verkefnis Heimilis og skóla, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Póst- og fjarskiptastofnunar. Á vefnum eru ýmsar upplýsingar um Netíð og örugga netnotkun. Jafnframt er hægt að senda inn fyrirspurnir um hvaðeina sem tengist því.

#### Útgáfustarf

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum er útgáfa bókarinnar *Þetta er líkaminn minn*. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar pantað hana. Á árinu 2009 fóru tæplega 2000 bækur til barna víða um land, svipað magn og undanfarin ár.

Samtökin gefa einnig út veggspjald þar sem vakin er at-  
hygli á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslu-  
stöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu  
2009 voru send tæplega 1000 veggspjöld til barna um  
allt land.

## Önnur verkefni

#### Meðferðarheimilið að Geldingalæk

Barnaheill – Save the Children á Íslandi áttu um árabíl húsnæði meðferðarheimilisins að Geldingalæk í Rangárvallasýslu. Barnaverndarstofa var umsjónaraðili heimilisins en það var ætlað börnum á aldrinum 8–14 ára, sem þurftu langtímaaðstoð vegna hegðunar- og geðraskana.

Um mitt árið 2008, ákvað Barnaverndarstofa að loka heimilinu þar sem eftirspurn eftir þjónustunni var lítil. Landbúnaðarráðuneytið, sem á jörðina Geldingalæk, keypti húsnæðið af Barnaheillum – Save the Children á Íslandi árið 2009.

#### Íbúðir

Samtökin eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringingsins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2009, voru 218 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 60% nýting og 153 dvalardagar á Rauðarárstíg, sem er 42% nýting. Hefur árleg nýting farið minnkandi undanfarin ár.

Guðríður Sveinsdóttir arfleiddi Barnaheill – Save the Children á Íslandi af íbúð sem samtökin fengu afhenta í byrjun ársins. Barnaspítala Hringingsins, BUGL og Greiningastöð Ríkisins var boðin íbúðin til afnota en ekki reyndist þörf fyrir fleiri íbúðir. Hefur hún því verið sett á sölu. Íbúðinni fylgdi innbú og mun það nýtast vel í íbúðum samtakanna á Rauðarárstíg og



Fulltrúar úr ungmennaráðum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, UNICEF og ráðgjafahópi Umboðsmanns barna.



Nemendur úr Snælandsskóla flytja ávarp á afmæli Barnasáttmálans.

Skúlagötu. Aðstandendur Guðríðar Sveinsdóttur afhentu Barnaheillum – Save the Children á Íslandi íbúðina í lok apríl. Í forsvari var Sólrún Sveinsdóttir, systir Guðríðar heitinnar, og Hörður Einarsson systursonur Guðríðar. Vert er að þakka þennan stórkostlegan velvilja í garð samtakanna.

## Innlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga í viðtæku samstarfi hérlendis við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna. Þeir aðilar, sem samtökin áttu samstarf við á árinu og upplýsingar um hafa komið fram annars staðar í þessari skýrslu eru Austurbæjarskóli, Barnaverndarstofa, Barnaspítali Hringins, Garðyrkjustjóri Reykjavíkur, Háskóli Íslands, heilsugæslustöðvar víða um land, Heimili og skóli, Laugarnesskóli, Mannréttindaskrifstofa, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn við Sund, Náum áttum hópurinn, netþjónustuaðilar, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóri, SAMAN-hópurinn, Snælandsskóli, Umboðsmaður barna og UNICEF.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í starfi barnahóps Velferðarvaktar félagsmálaráðuneytis á árinu. Verkefni hópsins er að kortleggja stöðu barna hér á landi í kjölfar efnahagshruns og koma með tillögur að úrbótum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í samráðsfundum um mannréttindi á vegum utanríkisráðuneytinu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga samstarf við fleiri íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálpar, Hjálparstarf kirkj-

unnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), SOS-barnahjálpar, UNICEF og UNIFEM. Hópurinn hélt málþing þann 30. mars um mikilvægi þróunarsamvinnu. Um 50 manns sóttu málþingið.

## Kynningarstarf

Fjöldi nema í framhaldsskólum og háskólum leituðu upplýsinga um starf Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á árinu og einnig fengu kennarar frá grunnskólum og leikskólum fræðslu um starf samtakanna.

Samtökin voru með kynningu á starfi sínu og fræðslu um Barnasáttmálann í skóla ABC-barnahjálpar fyrir tilvönandi hjálparstarfsmenn.

Í mars fengu Barnaheill – Save the Children á Íslandi heimsókn frá forsvarsmönnum barnaverndarsamtaka í Finnlandi. Þau reka athvörf fyrir börn og konur sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis. Á fundinum var rætt um starfsemi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og finnsku samtakanna en einnig voru ræddar aðstæður barna hér á landi og í Finnlandi. Hópurinn var hér staddur í kynningarferð sem skipulögð var af finnska sendiráðinu.

Í október kom hópur frá félagsmálaráðuneyti Eistlands í heimsókn til samtakanna til að kynna sér starfsemina. Á fundinum var rætt um stöðu barna á Íslandi og í Eistlandi. Hópurinn var hér á landi í kynningarferð sem skipulögð var af Barnaverndarstofu.



# Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í erlendum verkefnum eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi og neyðaraðstoð. Samkvæmt 28. grein Barnasáttmálans eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun og samkvæmt 19. grein eiga börn rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu.

## Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð er ein af megin stöðum alþjóðlegs starfs Barnaheilla - Save the Children. Alþjóðasamtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum, eru þau oftast en ekki til staðar á svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Barnaheill – Save the Children sérstaklega að velferð barna en börn þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand hefur ríkt í langan tíma.

Helstu áherslur Barnaheilla - Save the Children í neyðaraðstoð eru: 1) að minnka hættuna af hamförum með því að vinna og framkvæma áætlanir þar að lútandi með börnum, fjölskyldum og samfélögum í fjölmörgum löndum, 2) að styrkja starf samtakanna í einstaka löndum og byggja upp meiri þekkingu hjá starfsfólki þannig að hægt sé að bregðast við á skilvirkan hátt innan 72 klukkustunda frá því að hamfarir verða, 3) að styrkja viðbragðskerfi alþjóðasamtakanna og tryggja að til staðar sé sérhæft starfsfólk, fjármagn, hjálpargögn og tækni til að bregðast fljótt og vel við hamförum.

Barnaheill - Save the Children veittu m.a. neyðaraðstoð vegna náttúruhamfara eða stríðsátaka árið 2009 í Burkína Faso, Eþíópíu, El Salvador, Indónesíu, Kenýu, Pakistan, Sómalíu, Víetnam, Yemen, Zimbabve, á Filippseyjum, á Indlandi og Gazasvæðinu.

## Bætum framtíð barna

### Markmið

Alþjóðaverkefni Barnaheilla - Save the Children, Bætum framtíð barna (*e. Rewrite the Future*), hófst árið 2006 og mun halda áfram til ársins 2015, þó upphaflega hafi verið miðað við árið 2010. Markmið alþjóðaverkefnisins er þríþætt:

1) Að veita þremur milljónum barna menntun, sem ekki hafa verið í skóla vegna átaka, og að bæta menntun a.m.k. fimm milljóna barna til viðbótar í 20 stríðshrjádum löndum fyrir árið 2010. Þetta gera samtökin með því að byggja skóla, þjálfa kennara, búa til námsgögn og virkja stjórnvöld, börn, foreldra og nær-samfélag þeirra. Á árinu 2009 höfðu Barnaheill - Save the Children náð að veita einni milljón barna skólagöngu og að bæta gæði menntunar meira en 10 milljóna barna. Það er gleðiefni að samtökin náðu að bæta menntun helmingi fleiri barna en upphaflegu markmiðin gerðu ráð fyrir. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa stutt verkefni í Afganistan, Kambódíu og Norður-Úganda.

2) Að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á aðstæðum barna í stríðshrjádum löndum og nauðsyn þess að leggja meira fjármagn í menntun þeirra. Öðruvísi verður þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um grunnmenntun fyrir öll börn ekki náð fyrir árið 2015. Um 40 milljónir barna í stríðshrjádum löndum eru án menntunar.



Horfin barnaæska. Ungmennaráðið vekur athygli á aðstæðum barna í stríðshrjádum löndum.



Þrjár skólar hafa verið byggðir í Kambódíu fyrir fjárframlög samtakanna.

3) Að vinna að því að grunnmenntun barna verði hluti af neyðarástöð. Ekki síst vegna þess að í fjölmörgum löndum, þar sem átök eru í gangi, er miklu fé varið til neyðarástöðar svo árum skiptir og því er mikilvægt að neyðarástöðin feli í sér skólagöngu fyrir börn. Barnaheill – Save the Children á Íslandi sendu bréf til utanríkisráðherra í mars þar sem íslensk stjórnvöld voru hvött til að beita sér fyrir því, á fundi Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um menntun og neyðarástöð, að grunnmenntun barna yrði hluti af neyðarástöð.

### Skýrslan *Last in line, Last in School*

Barnaheill - Save the Children gáfu út, þriðja árið í röð, skýrsluna „*Last in Line, Last in School*“ en þar er sjónum beint að stuðningi ríkra þjóða við grunnmenntun barna í stríðshrjádum löndum og þar sem neyðarástand ríkir. Í skýrslunni 2009 kemur fram að alþjóðasamfélagið hefur aukið stuðning við grunnmenntun barna á fyrrgreindum svæðum. En enn er langt í land og miðað við núverandi aðstöð mun þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um grunnmenntun fyrir öll börn árið 2015 ekki nást fyrr en í fyrsta lagi árið 2034. Ennþá eru nær 40 milljónir barna í stríðshrjádum löndum án skólagöngu og í þeim löndum hefur eitt af hverjum þremur börnum aldrei verið í skóla.

Fram kemur að jafnvel þó heildarframlag 20 ríkustu þjóða heims til grunnmenntunar barna í stríðshrjádum löndum hafi aukist úr 18% í 21% er hlutfallið enn alltof lágt þar sem í þeim löndum búa um helmingur þeirra barna í heiminum sem eru án skólagöngu. Áætlað er 5,2 milljarða Bandaríkjadala þurfi árlega til að öll börn í stríðshrjádum löndum fái menntun. Árið 2007 var þessi upphæð 1,2 milljarður Bandaríkjadala og hafði þá hækkað úr 0,9 milljörðum Bandaríkjadala árið 2005. Fjárframlög til grunnmenntunar barna í neyðarástöð jukust frá 147 milljónum Bandaríkjadala árið 2007 í 235 milljónir Bandaríkjadala árið 2008. Það er aðeins helmingur þeirrar upphæðar sem nauðsynleg

er til að mæta þörfum barna fyrir grunnmenntun þar sem neyðarástand ríkir.

Barnaheill - Save the Children kynntu skýrsluna hjá alþjóðastofnunum og stjórnvöldum víða um heim.

### Horfin barnaæska

Í júní voru Barnaheill – Save the Children á Íslandi með kynningar- og fjáröflunarátak undir heitinu *Horfin barnaæska*. Þar var vakin athygli á aðstæðum barna í stríðshrjádum löndum sem fara á mis við menntun, búa við örbirgð og eru berskjölduð fyrir ofbeldi og misnotkun. Sjónum var beint að aðstæðum barna í Kambódíu og Norður-Úganda þar sem samtökin styðja verkefnið *Bætum framtíð barna*. Kynningarátakið var unnið í samstarfi við ungmennaráð Barnaheilla og auglýsingastofuna Hvíta húsið sem var styrktaraðili verkefnisins.

### Kambódía

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu um eina milljón króna til verkefna í Kambódíu árið 2009. Um helmingur fjársins kom frá söfnun nemenda í Menntaskólanum við Sund. Á árunum 2006-2008 lögðu samtökin rúmlega 11 milljónir króna til uppbyggingar menntastarfs í Stoeung Trong-héraði í Kampong Cham sýslu í Kambódíu. Barnaheill - Save the Children hafa starfað í landinu frá 1989. Samtökin berjast fyrir mannréttindum barna í landinu og vinna að því að veita þeim menntun og vernd gegn ofbeldi og mansali. Fyrir fjárframlög Barnaheilla – Save the Children á Íslandi hafa verið byggðir þrjár skólar með allri nauðsynlegri aðstöðu. Kennarar hafa fengið þjálfun og haldnir hafa verið fundir með foreldrum um mikilvægi menntunar. Vinnuhópum, barna- og ungmennaráðum og skólanefndum hefur verið komið á fót til að efla þátttöku barna og foreldra í skólastarfi og til að hvetja börn, sem hafa verið án skólagöngu, að fara í skóla. Nokkrir skólar hafa fengið kennsluæfni, svo sem orða-



Einn kennari er fyrir hver rúmlega 100 börn í Úganda og gæðum í skólasterfi er mjög ábótavant.

bækur og sögubækur, og sett hafa verið upp bókasöfn í nokkrum skólum. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið kennslu um varnir gegn ýmsum sjúkdómum og foreldrar hafa fengið aðstoð við að koma upp foreldra-reknu leikskólasterfi. Komíð hefur verið upp menntamiðstöðvum til að veita ungu fólki, sem ekki hefur lokið grunnskóla, menntun.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa þannig átt þátt í að veita meira en 900 börnum á grunnskólaaldri aðgang að góðu skólahúsnæði og meira en 300 börnum á leikskólaaldri, aðgang að leikskólasterfi. Alls hafa um 23 þúsund börn í Kambódíu notið góðs af uppbyggingarstarfi samtakanna á einn eða annan hátt.

Miklu máli skiptir að virkja allt samfélagið til að verkefnin verði sjálfbær og Barnaheill – Save the Children í Kambódíu vinna náið með fræðslufirvöldum þar í landi. Ólæsi er mikið í landinu og enn eru um 50 þúsund börn án skólagöngu og bæta þarf menntun þúsunda barna í landinu. Menntun hjálpar börnum að vernda sig gegn sjúkdómum og ofbeldi og að takast á við erfiða reynslu auk þess sem hún veitir þeim styrk, færni og betra líf. Barnaheill – Save the Children á Íslandi stefna að því að styðja áfram uppbyggingarstarf Barnaheilla - Save the Children í Kambódíu.

## Norður-Úganda


Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu tæpar 13,3 milljónir króna í menntaverkefni Barnaheilla - Save the Children í Pader-héraði í Norður-Úganda á árinu 2009. Samtökin fengu styrk frá utanríkisráðuneytinu. Á árunum 2007-2009 lögðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi samtals 40,2 milljónir króna í menntaverkefni í Úganda.

Verkefnið sem samtökin styðja í Pader-héraði miðar að því að auka skólaaðgang og bæta gæði menntunar

meira en 30 þúsund barna í héraðinu fram til ársins 2011. Þúsundir þeirra dvelja eða hafa dvalið í flóttamannabúðum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna, sem ekki eru í skóla og þá sérstaklega til stúlkna, að bæta kennsluaðferðir og kennsluumhverfi, að styðja menntayfirvöld í því að efla menntun og vernda börn á áttaksvæðum gegn ofbeldi og misnotkun. Fyrir fjármagn frá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi hafa verið byggðir skólar og kennarabústaðir með allri nauðsynlegri aðstöðu.

Haldin hafa verið þjálfunarnámskeið fyrir kennara og skólafirvöld og haldin fræðslufundir með skólafólki, foreldrum og fleirum um réttindi barna. Sömuleiðis hafa verið námskeið fyrir börn til að fræða þau um réttindi sín og virkja þau til að taka þátt í skólasterfi og uppbyggingu samfélagsins. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið fræðslu um heilsuvernd og varnir gegn sjúkdómum, þ.á m. alnæmi. Námsgögnum hefur verið dreift til fjölda barna og þátttaka foreldra í skólasterfi hefur verið eflað.

Margt hefur áunnist en verkefnin eru óþrjótandi. Stríðsátökin í Norður-Úganda síðastliðin 20 ár hafa leitt til algjörs hruns og eyðileggingar á innviðum samfélagsins. Fjöldi skóla, heilsugæslustöðva og vega hafa verið eyðilögð. Tugir þúsunda manna flúðu heimili sín vegna átaka og eyðileggingar og margir hafa dvalið langdvölum í flóttamannabúðum. Friðarsamningar, sem tóku gildi fyrir tveimur árum, hafa leitt til meira öryggis á svæðinu og margir flóttamenn því valið að snúa aftur til síns heima. Barnaheill - Save the Children í Úganda eru meðal þeirra samtaka sem vinna með stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum að því að aðstoða fólk við að snúa til baka. Stuðningurinn snýr m.a. að uppbyggingu menntunar og heilsugæslu, að öryggi og vernd barna, að lifibrauði fjölskyldna og efnahagslegri uppbyggingu.



Í Úganda, eiga stúlkur mjög á hættu að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og misnotkun. Heimilisofbeldi er einnig útbreitt.

Skólar í Pader-héraði eru í mikilli niðurníðslu og er aðeins ein kennslustofa á hver 108 börn, sem er langt yfir þjóðarmeðaltali í Úganda, sem er ein kennslustofa á hver 54 börn. Í Pader-héraði eru 69 börn um hvert salerni og 80% kennara hafa enga aðstöðu í skólunum. Einn kennari er fyrir hver rúmlega 100 börn og mikill skortur er á þjálfuðum kennurum. Gæðum í skólastarfi er mjög ábótavant. Aðeins 30% nemenda ljúka grunnnámi, 17% stúlkna og 43% drengja. Brottfall stúlkna er 83% og 57% hjá drengjum.

Þar sem félagslegt net og viðmið eru hrunin, eiga stúlkur mjög á hættu á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og misnotkun. Heimilisofbeldi er einnig útbreitt. A.m.k. 32% kvenna í Norður-Úganda hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, þar á meðal í skólanum. Meirihluti þeirra varð fyrir ofbeldinu strax á barnaldri. Barnaheill – Save the Children í Úganda leggja áherslu á aðgerðir til að bæta öryggi og vernd barna í skólum og til að auka gæði menntunar. Í könnun Barnaheilla - Save the Children um það hvernig hafi tekist að bæta öryggi barna í skólum í Norður-Úganda kom fram að margt hefði breyst til batnaðar en ennþá væru dæmi um einelti og stríðni meðal barna, um kynferðislega misnotkun og annað ofbeldi af hálfu kennara.

Skortur á heilbrigðisþjónustu í skólum og skortur á salernum og hreinlætisaðstöðu er mjög erfiður fyrir börnin, ekki síst stúlkur. Komist hefur í ljós að margar stúlkur hætta í skóla vegna skorts á hreinlætisaðstöðu, vegna slæmrar heilsu, ótímabærrar þungunar, hættulegra fóstureyðinga og annarra félagslegra vandamála. Skólabörn þjást mörg af sjúkdómum sem eru tilkomnir vegna skorts á hreinlæti, s.s. húðsjúkdómum, niðurgangi og malaríu.

Aðgangur að heilsugæslu er víða mjög takmarkaður og um 60% íbúanna þurfa að fara lengra en fimm kílómetra leið á næstu heilsugæslu. Þetta hefur áhrif á

heilsu barna og ungs fólks. Til dæmis fækkaði verulega bólusetningum hjá börnum vegna ýmissa sjúkdóma, á árunum 2004-2008, þ.m.t. hjá börnum á skólaaldri. Algengasta dánarorsök á árunum 2006-2008 var malaría. Alnæmi er útbreitt; um 7,5% kvenna á aldrinum 15-49 ára eru HIV-smitaðar og 5% karla á sama aldri. Skráningu barna er mjög ábótavant í Norður-Úganda þar sem aðeins 23% barna eru skráð við fæðingu og aðeins 11,3% eru með fæðingarvottorð. Þó endurkoma flóttafólks til heimkynna þeirra sé mikilvægt skref fyrir fólk sem búið hefur lengi við átök, allsleysi og óöryggi, þá eru öryggi og vernd ennþá stórmál fyrir marga einstaklinga og fjölskyldur. Mikið verk er óunnið á því sviði. Munadarlaus börn og heimili, þar sem börn eru í forsvari, eru sérlega berskjölduð en einnig börn sem skilin eru eftir í flóttamannabúðum. Könnun leiddi í ljós að allt að 40% fjölskyldna höfðu skilið börn sín eftir í flóttamannabúðum, vegna aðgangs að skóla og heilsugæslu, á meðan þeir fullorðnu sneru til sinna heimkynna til að byggja upp heimili sín og tilveru. Þessi bráðabirgða aðskilnaður barna og forráðamanna gerir börn berskjaldari fyrir ofbeldi og misnotkun. Staðan er einnig erfið fyrir þau börn sem snúa heim með forráðamönnum sínum til svæða þar sem enga grunnþjónustu er að finna, s.s. skóla og heilsugæslu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi stefna að því að styðja starf Barnaheilla - Save the Children í þágu barna í stríðshráðum héruðum Norður-Úganda næstu árin.

## Erlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökum Barnaheilla - Save the Children um mótun stefnu og starfshátta. Starfsmenn samtakanna eru í miklum samskiptum við starfsmenn alþjóðaskrifstofu Barnaheilla - Save the Children, sem staðsett er í London. Starfsmenn Barnaheilla – Save the Child-



Á ársfundi Barnaheilla – Save the Children í nóvember voru samþykkt stefna og markmið samtakanna til ársins 2015.



ren á Íslandi eru einnig í miklum samskiptum við starfsfólk þeirra systursamtaka sem stýra verkefnum sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja. Árlaga er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 29 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2009 var haldinn í London í nóvember og sóttu fundinn Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri og Helgi Ágústsson, formaður stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Á fundinum voru samþykkt stefna og markmið samtakanna fram til ársins 2015 en miklar breytingar eru framundan á stjórnunar- og starfsháttum samtakanna í þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð. Þær hafa það að auginni að nýta fjármagn og mannskap enn betur og ná þannig að bæta aðstæður fleiri barna um heim allan.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við Evrópusamtök Barnaheilla - Save the Children en aðild að þeim eiga Barnaheill - Save the Children í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi og Hollandi, á Íslandi og Ítalíu, í Litháen, Noregi, Rúmeníu, á Spáni og í Svíþjóð. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við samtök *INHOPE* í tengslum við verkefnið *Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á netinu*. Samtökin eru regnhlífasmötök ábendingalína í Evrópu og víðar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við samtökin *Roses for Children*, sem komið hafa upp minnisvörðum víða um heim til að minna á réttindi barna og heiðra minningu þeirra sem látist hafa á barnsaldri. Hér á landi er minnismerkið *Rósín* staðsett í Laugardalnum í Reykjavík gegnt þvottalaugunum.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi stefna að því að styðja áfram við hjálparstarf í stríðshrjádum héruðum Norður-Úganda.



Hringdu núna  
580 8025




# Tekjur og gjöld


Tekjur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2009 voru 67 milljónir króna auk fjármunatekna að upphæð fjórar milljónir króna. Til viðbótar komu tekjur vegna sölu samtakanna á húsnæðinu á Geldingalæk en hagnaður af sölu nam 19 milljónum króna.

Rekstrargjöld ársins voru 70,7 milljónir króna. Tekjur umfram gjöld, að teknu tilliti til fjármunatekna, fjármagnsgjalda og sölu af Geldingalæk, voru 18,4 milljónir króna.

## Tekjur ársins skiptast á eftirfarandi hátt



## Gjöld ársins skiptast á eftirfarandi hátt





# Styrktaraðilar

Barnaheill – Save the Children á Íslandi byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum og þakka kærlega þeim fjölmörgu aðilum sem lagt hafa málstað samtakanna lið því án þeirra væri starfið ekki mögulegt. Hér kemur yfirlit yfir helstu styrktaraðila Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2009.

## Félagsmenn/heillavinir

Fjöldi einstaklinga styður starf samtakanna, bæði félagsmenn sem greiða árleg félagsgjöld og heillavinir barna sem styðja innlend og erlend verkefni samtakanna með föstum mánaðarlegum framlögum. Heillavinum fjölgaði um 500 á árinu, flestir þeirra í tengslum við kynningar- og fjáröflunarátak Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, *Horfin barnæska*. Heillavinir skráðu sig á vettvangi frá júní til ágúst, þar sem starfsfólk á vegum samtakanna kynnti starfseminu, á netinu og í gegnum símaátök. Miðlun sá um úthringingar fyrir samtökin. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vonast til að fleiri heillavinir bætist í hópinn á árinu 2010. Samtals lögðu félagsmenn og heillavinir 18,3 milljónir króna til starfs samtakanna á árinu 2009. Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka þeim ómetanlegan stuðning.

## Íbúð að gjöf

Í byrjun árs 2009 lést Guðríður Sveinsdóttir, félagsmaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til margra ára. Hún arfleiddi samtökin að tveggja herbergja íbúð sinni og gaf frjálssar hendur um not af íbúðinni eða andvirði hennar til innlendra og erlendra verkefna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi buðu Barna-

spítala Hringins, BUGL og Greiningastöð Ríkisins íbúðina til afnota, en ekki reyndist þörf fyrir fleiri íbúðir fyrir fjölskyldur veikra barna af landsbyggðinni. Íbúðin er nú á sölu og er fasteignamatíð 13,7 milljónir króna. Samtökin þakka Guðríði heitinni Sveinsdóttur fyrir höfðinglega gjöf og aðstandendum hennar fyrir frábæran stuðning.

## Opinber framlög

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu samtals 7,3 milljónir króna í opinber framlög vegna innlendra starfsemi. Þar af er rekstrarstyrkur frá Alþingi að upphæð 3,5 milljónir króna, rekstrarstyrkur vegna Geldingalæks frá Barnaverndarstofu áður en húsnæðið var selt, styrkur frá dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti vegna *heyrumst.is* og styrkur frá forsætisráðuneyti vegna *barnasattmali.is*.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu 7 milljónir króna frá utanríkisráðuneytinu um mitt árið vegna mannúðarstarfs Barnaheilla - Save the Children í Norður-Úganda og fimm milljónir króna í byrjun ársins.

Landbúnaðarráðuneytið keypti húsnæði samtakanna á Geldingalæk á 62 milljónir króna. Samtökin höfðu á sínum tíma keypt húsnæðið og byggt við það fyrir samtals 43 milljónir króna auk þess að sinna margvíslegu viðhaldi á húsi og lóð í gegnum árin. Peningarnir eru í sérstökum sjóði og verður ráðstafað í verkefni samtakanna í þágu barna á komandi árum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka Alþingi og fyrrnefndum ráðuneytum kærlega fyrir góðan stuðning.



Um 80 manns hlupu í þágu samtakanna og söfnuðu áheitum fyrir þau.

## Jóla kort

Jóla kortasala er mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Jóla kort voru send til 12.500 einstaklinga og keypti riflega helmingur þeirra kortin. Jóla kort voru einnig til sölu á skrifstofu samtakanna og í fjölda verslana og keyptu fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir jóla kort af samtökunum. Heildarsala ársins 2009 nam 14,3 milljónum króna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka öllum þeim sem styrktu samtökin með kaupum og sölu á jóla kortum kærlega fyrir stuðninginn.

## Bakhjarlar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

### Icelandair Group

Þriggja ára bakhjarlasamningur Icelandair Group og Barnaheilla – Save the Children á Íslandi tók gildi þann 1. janúar 2008. Icelandair Group styrkja samtökin með þremur milljónum króna á ári til og með ársins 2010. Eru framlögin í formi beinna framlaga, flugferða með Icelandair og Flugfélagi Íslands og þjónustu Icelandair-hótela. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir samtökin og er Icelandair Group þakkaður veglegur stuðningur.

**IKEA** styrkti Barnaheill – Save the Children á Íslandi fjórða árið í röð með sölu taudýra í verslun sinni fyrir jólin. Styrkurinn nam 100 krónum af hverju seldu taudýri á tímabilinu 1. nóvember til 24. desember. Söfnuðust 420.000 krónur til innlendra verkefna samtakanna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka IKEA kærlega fyrir gott samstarf og frábæran stuðning.

**Hvíta húsið** og Barnaheill – Save the Children á Íslandi gerðu með sér samstarfssamning á árinu 2009 um aðkomu að markaðs og kynningarstarfi. Samningurinn felur í sér veglegan ávinning fyrir samtökin og á Hvíta húsið þakkir skildar fyrir stuðninginn.

## Aðrir styrktaraðilar

### Fjárstoð

Fjárstoð sér um bókhald fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi og veitir samtökunum góðan afslátt af vinnu sinni. Samtökin þakka þeim stuðninginn.

### Capacent Gallup

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu styrk að upphæð kr. 100.000 frá Capacent Gallup. Fyrir hverja könnun sem þátttakendur í Viðhorfahópi Capacent Gallup svara rennur ákveðin upphæð til góðgerðarmála og velur Viðhorfahópurinn góðgerðarsamtök sem styrkurinn rennur til. Samtökin þakka kærlega stuðninginn.

### Athygli

Athygli veitir Barnaheillum – Save the Children á Íslandi afslátt af vinnu sinni. Samtökin þakka gott samstarf og stuðning.

### Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka. Um 80 manns hlupu í þágu samtakanna og söfnuðu áheitum fyrir þau. Hlauparar eiga þakkir skildar fyrir stuðninginn sem og þeir sem studdu við bakið á hlaupurunum.

### Sævar Karl – aðventudagskrá

Að frumkvæði verslunar Sævar Karls var dagskrá á laugardögum á aðventu þar sem fólki gafst kostur á að styrkja Barnaheill – Save the Children á Íslandi með frjálsum framlögum og kaupum á jóla kortum. Einnig fengu samtökin hluta af andvirði bóka og geisladiska sem seld voru í versluninni. Þeir listamenn sem fram komu voru Árni Heiðar Karlsson píanóleikari, Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Fjallabræður, Gissur Páll Gissurarson tenór, Hljómsveitin Buff, Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur, Mugison, Nathalía Druzín Halldórsdóttir mezzósópran og rithöfundarnir Óskar



Capacent Gallup styrkti samtökin um kr. 100.000.



IKEA styrkti samtökin fjórða árið í röð með sölu taudýra fyrir jólin.

Magnússon, Páll Valsson, Ragna Sigurðardóttir, Stefán Máni, Viktor Arnar Ingólfsson og Þórarinn Eldjárn. Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka listamönnunum og Sævari Karli kærlega fyrir stuðninginn.

#### **Heyrumst.is – kynningarefni**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka hljómsveitinni Pascal Pinon, hljómsveitinni Sour, Upptekið og Hallgrími Ólafssyni fyrir stuðninginn við gerð kynningarefnis fyrir *heyrumst.is*.

#### **Rósín – minnismarki um börn**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka umhverfissviði Reykjavíkur, S. Helgason - Steinsmiðju og Járnsmiðju Óðins og Jóni Stefáni Kristjánsyni stuðninginn við uppsetningu Rósarinnar í Laugardal.

#### **Menntaskólinn við Sund**

Nemendur Menntaskólans við Sund söfnuðu rúmlega 400.000 kr til styrktar menntaverkefni Barnaheilla - Save the Children í Kambódíu. Í stað hefðbundins skólaláttarfnis unnu nemendur einn dag í febrúar og rann afkrakstur vinnu þeirra til barna í Kambódíu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka þeim kærlega fyrir frábæran stuðning.

#### **Evrópusambandið**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu 355.000 kr. frá *Safer Internet-áætlun* Evrópusambandsins vegna verkefnisins *netsvar.is*.

#### **Minningarkort**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa fólki kost á að styrkja samtökin með kaupum á minningarkortum. Stuðningur við samtökin með slíkum kortum hefur aukist mikið.

#### **Tækifærisgjafir**

Einstaklingar hafa styrkt Barnaheill – Save the Children á Íslandi með peningagjöfum. Oftast er um að ræða stórafmæli þar sem viðkomandi óskar eftir að gestir styrki samtökin.



# Barnaheill 2009–2010

## Stjórn

Helgi Ágústsson formaður  
Árni Geir Pálsson varaformaður  
Orri Hlöðversson gjaldkeri  
Ágúst Þór Árnason meðstjórnandi  
Dögg Káradóttir meðstjórnandi  
Eydís K. Sveinbjarnardóttir meðstjórnandi  
Þórhildur Líndal meðstjórnandi  
Ásta Ágústsdóttir varamaður  
Jóhannes Jónsson varamaður  
Kristjana Milla Snorradóttir varamaður

## Starfsmenn

Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri  
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri  
Margrét Lind Ólafsdóttir verkefnastjóri  
Guðbjörg Jóhannsdóttir verkefnastjóri  
Þórunn Þórs Jónsdóttir verkefnastjóri  
Tinna Lind Gunnarsdóttir, starfsmaður ungmennaráðs  
(júní til september)

## Starfsfólk í vettvangssöfnun

(júní til ágúst)  
Ásta Kristín Marteinsdóttir  
Borghildur Hauksdóttir  
Dagbjört María Gunnarsdóttir  
Hulda Dagmar Magnúsdóttir  
Ísak Jónsson  
Jón Þór Sigurleifsson  
Jóhann Sigurleifsson  
Valgerður Kristinsdóttir  
Valgerður Þorsteinsdóttir  
Þorbjörg Guðjónsdóttir

## Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir

## Sjálfbóðaliðar

Ágústa Ólafsdóttir  
Ásta Ágústsdóttir  
Borghildur Berglind Hauksdóttir  
Emilia Mlynska  
Elín Jóhannsdóttir  
Eva Therése Thörn  
Helga Pálsdóttir  
Katarzyna Kruciuk  
Magnea G. Guðmundardóttir  
Ragnheiður Gunnarsdóttir  
Sigrún Guðjohnsen  
Tinna Lind Gunnarsdóttir  
Þorbjörg Guðjónsdóttir

## Tölvumenn (sjálfbóðaliðar)

Guðmundur Þór Jóhannsson  
Gustav Helgi Haraldsson

## Ungmennaráð

Arnór Gunnar Gunnarsson  
Ásta Kristín Marteinsdóttir  
Eva Brá Axelsdóttir  
Diljá Helgadóttir  
Glódís Perla Viggósdóttir  
Harpa Björnsdóttir  
Hulda Margrét Erlingsdóttir  
Ívar Eiðsson  
Ingibjörg Ásta Tómasdóttir  
Jón Þór Sigurleifsson  
Kristrún Halla Gylfadóttir  
Kristrún Sigurðardóttir  
Laufey Rut Guðmundsdóttir  
Sindri Snær Svanbergsson  
Steinunn Elva Jónsdóttir  
Særún Erla Baldursdóttir  
Tómas Oddur Eiríksson  
Þyrí Ragnheiður Björgvinsdóttir

## Nefndir

### Kjörnefnd

Helgi Ágústsson  
Guðbjörg Björnsdóttir  
Óðinn Helgi Jónsson  
*Varamenn:*  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir  
Pálmi Finnbogason

### Laganefnd

Helgi Ágústsson  
Dögg Pálsdóttir  
Óðinn Helgi Jónsson  
*Varamenn:*  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir  
Margrét Sigurðardóttir

### Fulltrúar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í

**stjórn** Mannréttindaskrifstofu Íslands  
Árni Geir Pálsson  
Petrína Ásgeirsdóttir

## Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarson  
Þórður Þorkelsson


## Löggiltur endurskoðandi

Deloitte – Jón Rafnar Þórðarson

## Verndari Barnaheilla er Vigdís Finnbogadóttir

# Pakkir

A.H. Lindsay	Heildverslunin Rún ehf.	Oddfríður Helgadóttir
A4 skrifstofuvörur ehf.	Heimili og skóli	Ormsson Smáralind
ABC fjölmiðlahús	Hljómsveitin Buff	Óskar Magnússon
Adrianna Julia Domisz	Hljómsveitin Sour	Páll Valsson
Anna Havi Vu	Hörður Einarsson	Pappír ehf.
Arnaldur Halldórsson	Hvíta húsið	Pascal Pinon
Ari Kvaran	Icelandair	Pípulagningaverktakar
Atorka Group hf.	Icelandair Group	Prentsmiðjan hjá Guðjón Ó.
Athygli	Icelandair Hotels	Promens Dalvík
Austurbæjarskóli	Iða hf.	Ragna Árnadóttir
Árni Páll Árnason	IKEA	Ragna Sigurðardóttir
Árni Heiðar Karlsson	Ingibjörg Ruth Gulín	Rakel Ósk Sigurðardóttir
Barnaverndarstofa	Ingiberg Ólafur Jónsson	Rekstrarvörur
Blómabúðin Burkni	Íslensk getspá	Rúnar Kristjánsson
Blómabúðin Dögg	Járnsmiðja Óðins	S.Helgason - Steinsmiðja
Byko	Járn og gler hf.	Samgönguráðuneytið
Bílgreinasambandið	Jón Stefán Kristjánsson	Sjálfboðaliðar Barnaheilla
Birna trading ehf.	Jóhanna Sigurðardóttir	- Save the Children á Íslandi
Bjarney Viðarsdóttir	Kaffitár ehf.	Snælandsskóli
Borð fyrir tvo	Krít ehf.	Sólborg Sveinsdóttir
Capacent	Kristín Marja Baldursdóttir	Sólbliki
DK	Kristín Einarsdóttir	Skífan
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	Landsbankinn	Stúdíó Stafn
Einar Már Guðmundsson	Laugalækjarskóli	Stefán Máni
Erla Ósk Hermannsdóttir	Laugarnesskóli	Steinnun Viðarsdóttir
Fangelsið Litla Hraun	Leiðtogaþjálfun	Sævar Karl
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	Lífeyrissjóður bankamanna	Tómas Gauti Jóhannsson
Fjárstoð	Margrét Kristmannsdóttir	Tónlistarskólinn á Seltjarnarnesi
Fjallabræður	Mál og menning	Ungmennaráð Barnaheilla
Flugfélag Íslands	Meba Kringlunni og Smáralind	- Save the Children á Íslandi
Frumherji	mbl.is	Upptekið
Gallerí Fold	Menntamálaráðuneyti	Utanríkisráðuneytið
Garðheimar	Menntaskólinn á Akureyri	Viðar Þorláksson
Gamestöðin	Menntaskólinn við Sund	Verkstjórasamband Íslands
Gestamóttakan – Your Host in Iceland	Menntasvið Reykjavíkurborgar	Vigdís Finnbogadóttir
Gissur Páll Gissurarson	Mínja	Víktor Arnar Ingólfsson
Gunnar Kolbeinsson	Microsoft Ísland	Vinumálastofnun
Guðmundur Þór Jóhannsson	Monika Katarzyna Waleszczynska	Yollanda Nohokule Nekundi
Gustav Helgi Haraldsson	Mugison	Þorlákur Helgason
Hátækni ehf.	Nathalía Druzín Halldórsdóttir	Þjóðmenningarhúsið
Hallgrímur Ólafsson	Nanna Kolbrún Sigurðardóttir	Þórarinn Eldjárn
Háskóli Íslands	Nikulás Sveinsson	Þuríður Sveinsdóttir



**Alþjóðasamtökin Save the Children Alliance  
starfa í yfir 120 löndum víðs vegar um heim**

**– sjá bleiku svæðin á kortinu**



**Barnaheill**

Save the Children Iceland

Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík - Sími 553 5900 - Fax 553 5960  
barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Bakhtarlar Barnaheilla eru:

